

Lög og markmið Félagsins Ísland-Palestína

- 1.gr** Nafn félagsins er Félagið Ísland-Palestína. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
- 2.gr** Markmið félagsins eru:
- Að stuðla að jákvæðum viðhorfum meðal Íslendinga til ísraelsku og palestínsku þjóðanna og vinna gegn aðskilnaðarstefnu og hver kyns mismunun á grundvelli uppruna, ætternis eða trúarbragða.
 - Að kynna baráttu Palestínumanna gegn hernámi og fyrir sjálfsákvörðunarrétti og rétti palestínskra flóttamanna til að hverfa aftur til síns heimalands.
 - Að beita sér fyrir því, að Íslendingar leggi sitt af mörkum til þess að réttlát og friðsamleg lausn finnist á deilu Ísraels og Palestínumanna á grundvelli alþjóðaréttar og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og með tilliti til allra samþykktu Sameinuðu þjóðanna sem varða deiluna.
 - Að vinna að því að ríkisstjórn Íslands veiti PLO, Frelsissamtökum Palestínumanna, fulla stjórnmalalega viðurkenningu sem réttmætum fulltrúa palestínsku þjóðarinnar og styðji í verki rétt Palestínumanna til að stofna lífvænlegt, sjálfstætt og fullvalda ríki.
- 3.gr** Markmiðum sínum hyggst félagið ná með kynningar- og útgáfustarfsemi, menningarstarfsemi, með heimsóknum, neyðaraðstoð og öðrum samskiptum.
- 4.gr** Hver sá sem er sammála markmiðum félagsins og greiðir félagsgjöld getur verið félagsmaður.
- 5.gr** Aðalfund félagsins skal halda í byrjun hvers árs. Er hann opinn öllum félagsmönnum. Skal hann boðaður með minnst einnar viku fyrirvara. Tillögur til lagabreytinga skal kynna í fundarboði.
- 6.gr** Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
1. Skýrsla fráfarandi stjórnar og reikningar
 2. Lagabreytingar
 3. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda
 4. Ákvörðun félagsgjalds
 5. Starfið framundan og önnur mál
- 7.gr** Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum og að auki skal kjósa tvo til fjóra varamenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
- 8.gr** Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.

Lög samþykkt á stofnfundinum 29. nóv. 1987 með breytingum á aðalfundum félagsins 15. feb. 2004 og 21. mars 2007